

GELMOTTUR

Fersk flutningsleið

Til að viðhalda kælingu ferskra matvæla meðan á flutningi stendur



isgel

EFSTUBRAUT 2 Blönduósi Sími 451 2727
www.isgel.is isgel@isgel.is

Minni flutningskostnaður
Einfaldar í notkun
Mikil varmarýmd
Engin aukaefni



REYKJANES

11. APRÍL 2013
7. tölublað 3. árgangur


UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN



HVAÐ SEGJA ÞAU UM ÁLVERIÐ Í HELGUVÍK

Að undanfögnu hefur verið mikil umræða um svik eða ekki svik stjórnsvalda hvað varðar uppbyggingu í Helgúvík. Reykjanes leitaði til nokkurra alþingis frambjóðenda og bæjarfulltrúa til að fá þeirra viðbrögð. Allt um

það á opnu blaðsins. Einnig fjallar leiðari blaðsins um þetta mál.



Sigurjónsbakarí - Hólmgarði 2 - 230 - Reykjanesbæ

NÝ BÖKUÐ BRAUÐ ALLA DAGA
VERIÐ VELKOMIN
Í SIGURJÓNSBAKARÍ HÓLMGARÐI

OPNUNARTÍMI
mánudaga - föstudaga 07:00-18:00
laugardaga 08:00-16:00
sunnudaga 09:00-16:00

Vertu þú sjálf- vertu
BELLA DONNA

Við eigum allt frá undirkjólum til yfirhafna
Stærðir 40-58

Belladonna á Facebook

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

VEIÐIGJÖLD VEIKJA SAMKEPPNISSTÖÐU ÍSLANDS!



HLERAGERÐIN

SÍMI: 561 5760 - FAX: 561 5665 - FISKISLÓÐ 49 - 51 - 101 REYKJAVÍK
www.hlerar.is - email: hlerar@hlerar.is

www.hlerar.is

Við smíðum toghlera!

Leiðari



Stöðnun eða framkvæmdir á næsta kjörtímabili

Korterir fyrir þinglok spilaði Steingrímur J. Sigfússon allsherjarráðherra út flottum spilum til Norðlendinga. Alls konar fyrirgreiðsla á kostnað ríkissjóðs varð staðreynd til að liðka fyrir framkvæmdum á Bakka við Húsavík. Þar hafa íbúar barist fyrir atvinnuuppbyggingu í langan tíma án árangurs, en nú birtir allt í einu til í þeim efnum. Við hljótum að samgledjast með þeim.

Auðvitað hugsuðu Suðurnesjamenn, þetta er flott. Jafnræðis verður gætt og ríkið mun nú spila út flottum spilum til uppbyggingar í Helguvík.

Til að liðka fyrir framkvæmdum á Bakka var samþykkt að ríkið kostaði lóðaframkvæmdir, gatnaframkvæmdir, hafnaframkvæmdir, þjálfunarstyrkir vegna starfsmanna og alls konar skattaávilnanir. Hér er um að ræða mörg hundruð milljónir úr ríkissjóði. Það mun skila sér til baka eru rökinn. Sömu rök hljóta að gilda um stuðning við uppbyggingu í Helguvík.

En hvað? Engin spil til Suðurnesja. Ekki einn einasti stuðningur við uppbyggingu hér. Allt kjörtímabilið höfum við beðið eftir að það rofaði til. Suðurnesjamenn hafa beðið eftir að atvinnuuppbygging hæfist og til yrðu mörg vel launuð störf.

Hvernig getur þingmaður og einn af forystumönnum Samfylkingarinnar, Oddný G. Harðardóttir, staðið frammi fyrir kjósendum hér á Suðurnesjum og leitað eftir stuðningi eftir það sem á undan er gengið. Þrátt fyrir ýmis falleg orð um uppbyggingu hefur Samfylkingin ekki staðið við neitt af stóru orðunum. Það er eðlilegt að fylgi Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi hafi gjörsamlega hrundið.

Þetta kjörtímabil hefur annar af forystumönnum Bjartrar framtíðar Róbert Marshall, verið þingmaður Suðurnesja. Lítið hefur farið fyrir hans stuðningi við atvinnuuppbyggingu hér. Það er lítil von um breytingu komist Björt framtíð í ríkisstjórn.

Ekki þarf að búast við stuðningi Vinstri grænna við uppbyggingu álvers í Helguvík.

Kosningarnar þann 27. apríl n. k. skipta miklu máli fyrir íbúa Suðurnesja. Kosningarnar snúast um það hvort hér mun áfram ríkja stöðnun undir merkjum vinstri flokkanna eða hvort nýtt framfaraskið hefst á nýju kjörtímabili. Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt höfuð áherslu á það í sinni kosningabaráttu að efla þurfi atvinnulífið. Með því að til verði mörg hundruð vel launuð störf bætum við hag fjölskyldnanna best. Um leið bætum við haga sveitarfélögunna og ríkisins.

Fái Sjálfstæðisflokkurinn lélega útkomu úr kosningunum laugardaginn 27. apríl n. k. er næsta víst að vinstri stjórn mun áfram verða við völd í landinu. Suðurnesjamenn vita hvað það þýðir. Stöðnun og áframhaldandi atvinnuleysi. Viljum við það?



Vogar

FLOTT FRÉTTABRÉF

Minja og sögufélag Vatnsleysustrandar hefur gefið ítt flott og veglegt fréttabréf. Hægt er að lesa fréttabréfið á heimasíðu sveitarfélagsins. www.vogar.is



NÆSTA BLAÐ

Reykjanes kemur næst út miðvikudaginn 24. apríl.



Auglýsingasíminn er 578 1190 Netfang: auglysingar@fotspor.is

GARÐVANGUR ÁFRAM

Á fundi bæjarráðs Garðs 14. mars s. l. var fjallað um hjúkrunarheimil og gerð grein fyrir samkomulagi sem náðst hefur. Sótt verður um 20 hjúkrunarrými til viðbótar á Nesvöllum og Garðvangur verður starfræktur áfram.

Bæjarstjóri kynnti fyrirleggjandi drög að samkomulagi milli sveitarfélögunna Garðs, Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Voga um uppbyggingu hjúkrunarheimila á starfssvæði Dvalarheimilis aldraðra á Suðurnesjum og gerði grein fyrir viðræðum bæjarstjóra sveitarfélögunna um málið.

Í drögum að samkomulaginu koma

m. a. fram eftirfarandi áherslur í náinni framtíð:

Unnið verði að því að fjölga hjúkrunarrýmum á starfssvæði DS þannig að aldraðir sem þurfa á hjúkrunarheimili að halda fái notið þeirrar þjónustu sem þeir þarfnast. Sveitarfélögin standi sameiginlega að erindi til Velferðarráðuneytisins um 20 hjúkrunarrými til viðbótar þeim 60 sem heimiluð hafa verið á Nesvöllum, enda þjóni Nesvellir íbúum svæðisins alls. Garðvangur verði rekinn áfram sem 20 rýma hjúkrunarheimili. Staðið verði sameiginlega að umsókn um fjármagn úr Framkvæmdasjóði aldraðra til endurbóta á Garðvangi. Hlévangur verði seldur og söluand-

virðið lagt í endurbætur á Garðvangi. Samkvæmt svæðisskipulagi Suðurnesja verði horft til þess að í samræmi við stækkandi samfélag verði í framtíðinni hjúkrunarrými í öllum bæjarfélögunum.

Bæjarstjórar sveitarfélögunna sem standa að DS komi að samningum við væntanlega rekstraraðila hjúkrunarheimilanna að Garðvangi og Nesvöllum.

Bæjarráð samþykkir samhljóða efni samkomulagsins og leggur jafnframt áherslu á að samkomulagið verði lagt fyrir bæjarstjórnir sveitarfélögunna til staðfestingar.

Samþykkt samhljóða að fela bæjarstjóra umboð til að fylgja málinu eftir og ganga frá samkomulaginu, sem verði síðan lagt fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

SUMARIÐ NÁLGAST

Um páskana mátti sjá að sumarið er í nánd. Garðskagi heillar og nokkrir voru þar mættir á húsbílum sínum.



FORVARNIR SKIPTA MÁLI

Fréttir herma frá embætti lögreglunnar á suðurnesjum eftir hverja helgi að einhver hafi verið tekinn af lögreglunni fyrir að vera undir áhrifum vímuefna. Af orðrómi hefur Reykjanesbær oft haft það orð á sér að vera vandræðabær. En samkvæmt könnunum kemur Reykjanesbær ekkert verr út með vímuefnaneyslu unglunga innan grunnskóla sveitarfélögunna og Fjölbautarskóla Suðurnesja en önnur bæjarfélög á landinu. En hvað með þá unglunga sem eru ekki í skóla?

Kannanir sýna að fjöldi ungmenna sem hafa notað kannabis og eru á skrá hjá vinnumálastofnun sé um 51% yngri en 18 ára og 66% 18 ára og eldri.

Þetta eru sláandi tölur en bláköld staðreynd. En ekki eru allir atvinnulausir á þessum aldri því samkvæmt Hagstofu Íslands eru 1257 skráðir í Fjölbautarskóla Suðurnesja af 2029 Suðurnesja ungmennum.

Einhverjir hafa farið annað í skóla og margir eru í vinnu. Forvarnir eru alltaf mikilvægar en þegar það er komið þannig fyrir unga fólkinu að það er farið að nota vímuefni þá þarf íhlutun.

Forvarnir þurfa helst að hafa byrjað snemma og því fyrir því betra.

Forvarnir hafa skilað miklum árangri á áfengis- og vímuefnaneyslu meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskólanna. Átak var gert í forvarnarmálum hér á Íslandi fyrir um 15 árum og er árangurinn sá að vímuefnaneyslan er meðal þeirra lægstu í Evrópu. Forvarnarstefna Reykjanes-



bæjar miðlar af því sem áratugalangar rannsóknir íslenskra fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík hafa sýnt að skili mestum árangri í forvörnum gegn fíkniefnum:

1. Að foreldrar og ungmenni verji sem mestum tíma saman.
2. Að börn og unglingar taki þátt í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi.
3. Að ungmenni fresti því sem lengst að hefja neyslu áfengis.

Að auki er forvarnarverkefni Lundar í Reykjanesbæ sem hefur farið með erindi í suma grunnskóla á svæðinu og fjölbautarskóla Suðurnesja. Einnig er hjá Lundi ráðgjafi frá SÁÁ einu sinni í viku með stuðningshóp fyrir þá sem eru hættir að nota vímuefni einnig er fræðsla og stuðningshópur fyrir foreldra og aðra aðstandendur. Fræðsla eykur þekkingu okkar og minnkar fordóma okkar í garð annarra. Fræðsla um það hvernig er að vera aðstandandi og

hvað sé hægt að gera í málefnum þeirra sem nota vímuefni gefur oft bjargað heimili frá sundrunu og óviðráðanlegum félagslegum vandamálum.

Neysla unglunga á löglegum og ólöglegum vímuefnum er alvarlegt og viðvarandi vandamál sem þarfnast stöðugrar athygli almennings. Af neyslunni vaxa oft óviðráðanleg persónuleg og félagsleg vandamál sem skaða heilsu þeirra sem neyta vímuefna og heilsu allra aðstandenda.

Forvarnir eru eins og fram hefur komið mikilvægur hlekkur í samfélaginu.

Allar rannsóknir íslenskra fræðimanna sýna að mikilvægt sé að börn og unglingar taki þátt í skipulögðu íþrótt- og tómtundastarfi. Eftir að hafa skoðað ýmis tómtundafélög í Reykjanesbæ, félagsmiðstöðina Fjörheima og 88 húsið er sorglegt hve fáir stunda það sem boðið er upp á. Foreldrar þurfa að hvetja börn og unglunga til að taka þátt og skoða hvað er í boði.

Því mjög margt er í boði. Eins þarf Reykjanesbær að hvetja börn og ungmenni til að taka þátt til dæmis með því að taka upp svokallaðar Hvatageiðslur aftur. Ungmenni framtíðarinnar skipta máli, forvarnir skipta máli og samfélagið skiptir máli. Forvarnir eru miklu ódýrari kostur en að missa ungmenni í neyslu vímuefna. Við gætum bjargað lífi.

Hrafnhildur Gunnarsdóttir Nemi í tómtunda- og félagsmálafræði í Háskóla Íslands.

REYKJANES 7. TBL. 3. ÁRGANGUR 2013

ÚTGEFANDI: Fotspor ehf. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. **Framkvæmdastjóri:** Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími: 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is. **Ritstjóri:** Sigurður Jónsson, netfang: asta.ar@simnet.is, sími: 847 2779. **Myndir:** Ýmsir. **Umbrot:** Prentsníð **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja. **Upplag:** 8.000 eintök. **Dreifing:** Íslandsþóstur. **Vefútgáfa PDF:** www.fotspor.is

REYKJANES ER DREIFT Í 8.000 EINTÖKUM ÓKEYPIS Í ALLAR ÍBÚÐIR Á REYKJANESI.



VILTU SEGJA SKODUN ÞÍNA?

Friðbláðið Reykjanes vill gjarnan komast í samband við íbúa Suðurnesja. Segið ykkar skodun með því að senda inn pistil. Sendið inn fyrirspurn. Vinsamlegast sendið okkur tölvupóst á netfangið asta.ar@simnet.is eða hringið í síma 847 2779.

WHIRLPOOL DAGAR

10-30% AFSLÁTTUR



ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR - UPPÞVOTTAVÉLAR
ÖRBYLGJUOFNAR - OFNAR - HELLUBORÐ - GUFUGLEYPAR
KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR - FRYSTIKISTUR

Whirlpool



Whirlpool AFG610MB

- 105 lítra frystikista
- 7,5kg frystigeta á 24 klst.
- Hraðfrysting
- Orkunýtingu B
- 1 karfa fylgir.
- Mál (hxbxd): 85x53x58sm

TILBOÐ

39.995

FULLT VERÐ 49.995




Whirlpool AWOD8214

- 1400 snúninga þvottavél
- 6th Sense og 56L tromla
- Tekur 8 kg af þurrum þvotti
- 15 þvottakerfi og hraðkerfi
- Þvott hæfni A
- Orkuflokkur A++
- Vinduhæfni B
- Mál (HxBxD): 59,5x85x60 sm

TILBOÐ

99.995

FULLT VERÐ 129.995



UNDIRBORÐS - OFN OG KERAMIK HELLUBORÐ SAMAN

Whirlpool AKP455IX

- 60L bakarofn - undirborðs - stál
- Actual Line Multifunction 5 blástursofn
- Rofar fyrir helluborð
- Undir- og yfirhiti og Grill
- Köld hurð
- Orkuflokkur A
- Innbyggingarmál (hxbxd): 56x60x55sm
- Passar við AKT108 helluborð

Whirlpool AKT108

- Keramik helluborð fyrir AKP455
- 4 keramik hellur og stál kantur
- 1x2100w Hella 21 sm
- 1x1700w Hella 18 sm
- 2x1200w Hellur 14,5 sm
- Mál (bxbxd): 59x3,5x51sm

TILBOÐ

119.995

FULLT VERÐ 163.995

HAFNARGÖTU 90
REYKJANESBÆ
S: 414 1740



Heimilistæki ht.is

SJÁLFSTÆÐISMENN Í SÓKNARHUG

Sjálfstæðisflokkurinn opnaði kosningaskrifstofu sína í Reykjanesbæ s. l. laugardag. Skrifstofan er á Brekkustíg 39. Fullt var út úr dyrum við opnina. Ragnheiður Elín Árnadóttir oddviti Sjálfstæðismanna flutti hvatningaræðu. Árni Þór Guðjónsson söng frumsamið baráttulag við góðar undirtektir.

Það er alveg á tæru að það er mikill sóknarhugur í Sjálfstæðismönnum á Suðurnesjum. Hér á svæðinu geta menn ekki hugsað til þess að vinstri stjórn verði áfram við völd á næsta kjörtímabilið. Það eina sem getur komið í veg fyrir vinstri stjórn er að Sjálfstæðisflokkurinn fái góða kosningu.



NÚ ER KOMIÐ AÐ UPPBYGGINGU

Eitt stærsta verkefni ríkisstjórnarinnar á liðnu kjörtímabili var að reisa ríkisbúskapinn úr rústum hrunsins. Ógöngur í ríkisfjármálum voru ekki eingöngu afleiðing hruns fjármálakerfisins og efnahagslífsins, sem kostaði ríkissjóð hundruð milljarða. Óstjórn og ábyrgðarleysi í aðdraganda hrunsins áttu ekki minni hlut að máli þar sem skattalækkanir útrásaráranna grófu undan möguleikum ríkissjóðs á að takast á við efnahagsleg áföll.

Það er skemmtileg tilhugsun að geta gefið fólki peninga úr ríkissjóði og lækkað skatta umtalsvert. Staðreyndin er þó sú að grunnstoðir samfélagsins hafa þurft að blæða fyrir niðurskurðinn síðustu ár og ef við ætlum áfram að búa við öflugt stuðningsnet fyrir þá sem höllum fæti standa þarf að bæta verulega í framlög til heilbrigðis- og menntamála m. a. með hækkunum launum og setja auknið fé í almannatryggingarkerfið. Ef sú uppbygging á að fara fram er ekki hægt að lækka skatta umtalsvert eða taka hundruð milljóna úr ríkissjóði í önnur verkefni.

Vinstri græn vilja nýta þann árangur sem nást hefur í ríkisfjármálum. Með óbreyttri stefnu mun svigrúmið sem skapast á næsta kjörtímabili verður upp á 50-60 milljarða með aukinni landsframléiðslu og með auknum tekjum af auðlinda- og umhverfisgjöldum. Forsendur eru að verg landsframléiðsla



Arndís Soffía Sigurðardóttir.

vaxi að jafnaði um 2,5% á ári og að verðlagsbreytingar verði sömuleiðis 2,5% að jafnaði á ári. Tekjur af núverandi sköttum aukist um 0,5% umfram breytingar á vergri landsframléiðslu án breytinga á skattlutföllum. Tekjur af auðlinda- og umhverfisgjöldum hafi í lok tímabilsins hækkað um 30 milljarða króna. Útgjöld ríkisins hækki um 2,5% á ári umfram verðlagsbreytingar.

Frekari niðurskurðaraðgerðir við núverandi efnahagsaðstæður gætu orsakað nýja kreppu. Ef skattkerfinu yrði breytt á þann veg að tekjur ríkissjóðs lækkuðu, yki það á halla ríkissjóðs sem enn myndi auka á vaxtakostnað og koma í veg fyrir uppbyggingu velferðarþjónustunnar. Ákvarðanir í ríkisfjármálum á næsta kjörtímabili snúast því um hvort það svigrúm sem skapast hefur eigi að nota til samfélagslegrar uppbyggingar eða



Inga Sigrún Atladóttir.

til skattalækkunar fyrir þá sem hæstar tekjur hafa í samfélaginu.

Að við ákvörðun um aukningu á útgjöldum verði almannaheill og velferð höfð að leiðarljósi. Eftir erfið niðurskurðarár er réttlátt að það svigrúm sem hefur skapast sé nýtt í sameiginlegan rekstur velferðarþjónustunnar. Rík samstaða er um að efla þurfa heilbrigðisþjónustu og menntakerfi til hagsældar fyrir þjóðina. Það verður aðeins gert með því að setja þau málefni í forgang ríkisfjármálaáætlunar.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð vill með þessum ábyrga hætti tryggjum við jöfnuð og almannaheill.

Inga Sigrún Atladóttir skipar 2. sæti á lista Vinstri grænna í Suðurlkjördæmi.

Arndís Soffía Sigurðardóttir skipar 1. sæti á lista Vinstri grænna í Suðurlkjördæmi.

Grindavík

LAUT GEFUR ÚT BÆKFLING UM UPPBYGGINGARSTEFNUNA

Uppbyggingarteymið á leikskólanum Lautinni hefur gert nýjan og finan bæklings sem er ætlaður til kynningar á Uppbyggingarstefnunni bæði fyrir foreldra og nýja

starfsmenn. Þar er farið yfir ýmislegt en leiðarljósið er að vera samstilltur og jákvæður starfsmannahópur á Laut, vinna saman í sátt og virða skoðanir annarra.

ÍSLANDSMEISTARAR Í 8. FLOKKI



Lið Keflavíkur í 8. flokki stóð uppi sem Íslandsmeistari á dögnum. Strákarnir unni Fjölni í hreinum úrslitaleik.

NÝ OG STÍLFÖGUR ELDHÚSTÆKI FRÁ **AEG** SEM GERA GOTT ELDHÚS ENN BETRA



Nýju ofnarnir frá **AEG** búa yfir miklum fjölbreytileika í lögun og leikni. Nýtanlegt innra rými ofnanna er nú **30% stærra** en áður og eru þeir nú 74 lítrar að stærð án þess að ummál þeirra hafi aukist.



3 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur og auðveldur í notkun og allri umgengni. Íslensk notendahandbók.



BE5303071-M

5 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn með hraðhitakerfi, sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni. Íslensk notendahandbók.



BE7314401-M

7 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum. Íslensk notendahandbók.



BP9304151-M

9 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli, hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum og sjálfhreinsikerfi. Íslensk notendahandbók.

Nú er tækifærið til að endurnýja:

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM AEG OFNUM OG HELLUBORÐUM Í TAKMARKAÐAN TÍMA.

Nýjar ofnalínur, 30% stærra innrarými en áður, alls 74 lítrar, sömu utanmál.

Allt fjölkerfa blástursofnar með ýmsum valkostum í útfærslum.

Íslensk notendahandbók. Hagstæðir vaxtalausir greiðsluskilmálar til allt að 12 mánaða.*

* 3,5% LANTÖKUGJALD

AÐ ELDA MEÐ **AEG**

Þegar þú eldar með AEG máttu búast við framþróaðri tækni, flottri hönnun og fjölmörgum stillingarmöguleikum sem bjóða upp á svo margt, margt fleira.

FULLKOMIN HÖNNUN

AEG ofnarnir eru hannaðir til að skara fram úr á öllum sviðum. Þeir eru einstaklega fjölhæfir, áreiðanlegir og þar að auki glæsilegir útlits.

AEG HELLUBORÐ AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM

Ný glæsileg lína helluborða frá AEG býður upp á fullkomnustu tækni, hvort sem þú velur spansuðu- eða venjulegt hraðsuðuhelluborð eða fyrir gas þá er úrvalið mikið og útfærslurnar fjölbreyttar.



TAXI

FITJUM REYKJANESBÆ

*** ALLAR VÖRUR FIMMTU
OPNUM BREYTTA OG BÆTTA V**

***GILDIR AÐEINS
Í HÚSASMÍÐJUNNI
OG BLÓMAVALI
FITJUM REYKJANESBÆ**



***GILDIR EKKI AF VÖRUM
Í TIMBURSÖLU OG WEBER GRILLUM**



Tax free gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar“ enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma. Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti. Að sjálfsgöðu stendur Húsasmíðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

FRÍTT REYKJANESBÆ

DAG TIL LAUGARDAGS

ERSLUN FITJUM REYKJANESBÆ



OPNUM NÚNA KL. 8:00 VIRKA DAGA!

**ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956**

HEFST FRAMLEIÐSLA Í ÁLVERINU Í HELGUVÍK Á NÆSTA KJÖRTÍMABILI?

Uppbygging álversins í Helguvík gengur hægt. Flestir Suðurnesjamenn vona að meiri kraftur komist í framkvæmdirnar og starfsemi hefjist sem fyrst.

Það myndi verða mikil lyftistöng fyrir samfélagið hér og reyndar landið allt.

Reykjanes leitaði til nokkurra frambjóðenda í Alþingiskosningunum og bæjarfulltrúa og bað þau að svara eftirfarandi spurningu.

Hefst framleiðsla í álverinu í Helguvík á næsta kjörtímabili?

Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæ

JÁ, EF VIÐ VELJUM FLOKKA TIL ALÞINGIS SEM ERU EINHUGA UM VERKEFNIÐ!

Staðreyndir um fylgi við verkefnið: Aðeins Sjálfstæðismenn og Framsóknarmenn hafa verið einhuga um þetta á fráfandi Alþingi. Ekki hefur skort á vilja og áhuga flestra Samfylkingarmanna innan héraðs en þeir mega sín lítils innan Samfylkingar og hafa reyndar sumir sjálfir misstigið sig í ákvörðunum um hækkun á flutningskostnaði raforku sem hefur enn frekar tafið samninga HS orku og Norðuráls. Samfylking hefur ekki verið einhuga á þingi um þetta mál. Björt framtíð og Vinstri græn hafa lýst sig andvíg álverum!

Kaldar staðreyndir um helstu tafir:

- Efnahagshrun og þörf á endur-

skoðun samninga við orkufyrirtæki, ágreiningur þessara aðila í kjölfar þess sem endaði í gerðardómi.

- Tafir á virkjanaleyfum en menn muna stjórnsýslutafir eins ráðherrans á mjög viðkvæmum tíma fyrir orkufyrirtækin,
- Tafir á lagningu raflínu um Suðurnes, en það mál situr nú fast í höndum enn eins ráðherrans.
- 20% hækkun á flutningskostnaði sem álverið þarf að borgara fyrir frá virkjunum, undirrituð af enn öðrum ráðherranum,
- Tafir á afgreiðslu styrkja til hafnargerðar og ekkert frumvarp undirbúið frá ríkisstjórn hvað þá lagt fram



um Helguvík þrátt fyrir að slíkt sé gert um Bakka.

- Að lokum viðhorf Landsvirkjunar um að nota eigi orku til að selja beint til útlanda eins og gámafisk fremur nota hér heima í framleiðslu. Við þurfum að velja stjórn sem er hlynnt þessu. Nú er tækifærið að koma!

Ragnheiður Elín Árnadóttir 1. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins

VILJI ER TIL STAÐAR HJÁ OKKUR SJÁLSTÆÐISMÖNNUM

Ég ætla að leyfa mér að vera bjart-sýn og fullyrða að svo verði, í það minnsta ef Sjálfstæðisflokkurinn á aðild að nýrri ríkisstjórn eftir kosningar. Fyrir síðustu kosningar slógum við sjálfstæðismenn táknræna skjaldborg um álverið í Helguvík þar sem nokkur hundruð manns komu saman á byggingarstaðnum til samstöðufundar. Það sorglega er að við getum nánast endurtekið leikinn nú fyrir þessar kosningar þar sem þessi fjögur ár hafa algerlega farið

forgörðum eins og allir vita. Ástæðurnar eru margar, en ekki síst þær að ekki hefur ríkt einhugur um þessa framkvæmd innan ríkisstjórnarinnar og hefur umhverfisráðherrann m. a. lýst sig andvíg þessari framkvæmd. Ég trúir því að ef allir leggjast á eitt, fyrirtækin sem um ræðir, ríkisvaldið, sveitarfélögin og íbúarnir á svæðinu þá munum við sjá þessa framkvæmd rísa fyrir síðar. Til þess þarf raunverulegan vilja og raunverulegan stuðning, ekki sýndargörninga. Ég



lofa því að sá vilji er til staðar hjá okkur sjálfstæðismönnum og alger einhugur í okkar röðum um þessa mikilvægu framkvæmd.

Kristinn Þór Jakobsson, bæjarfulltrúi Framsóknar í Reykjanesbæ.

BJARTARI TÍMI FRAMUNDAN

Að Helguvíkurverkefnið skuli ekki vera komin í gang fyrir löngu er stórslys. En ég tel bjartari tíma framundan, með nýrri ríkisstjórn undir forystu Framsóknar mun hagar Helguvíkur vænkast. Þau verða að vera meðal fyrstu mála sem tekin eru fyrir til atvinnusköpunar. Þegar mörg þúsund vinnufúsar hendur sitja íðjulausar og draga fram lífið á bótum, verður að gripa öll tækifæri á til atvinnusköpun-

ar. Vinnan skapar vöxtinn sem tryggir velferðina.

Silja Dögg, fulltrúi Framsóknar í Reykjanesbæ í Atvinnu og hafnarráði, er í er í öðru sæti Framsóknar í Suðurkjördæmi. Ég veit að Silja Dögg mun vinna að því koma Helguvíkurverkefnunum í gang hún er vel inni málunum. Til þess þarf hún stuðning það gerist ekki öðruvísi en að að setja X við B lista Framsóknarflokksins þann 27. apríl.



Svar N-listans í Garði

AÐEINS STENDUR Á ORKU- SAMNINGUM

Ef samkomulag næst um orkuöflun og orkuverð á milli Norðuráls og HS

orku, OR og Landsvirkjunar fer uppbyggingin á fulla ferð.

Nánast allt sem þarf til þess að álverið í Helguvík geti farið af stað er til staðar, s. s. umhverfismat, skipulag og fjárfestingarsamningar og línulagnir eru í farvegi. Aðeins stendur á orku-



samningum en um leið og samningar nást um orkuöflun og orkuverð á milli Norðuráls og HS orku, OR og Landsvirkjunar fer uppbyggingin á fulla ferð.

Jónína Hólm.

Friðjón Einarsson, oddviti Samfylkingar í Reykjanesbæ

ÞAÐ VONA ÉG

En það er ekki í höndum okkar Sveitastjórnar- eða alþingismanna að ganga frá þessu máli. Hér er um að ræða samning á milli 2 aðila, HS Orku og Norðurál og fyrirtækin þurfa að ná saman. Þar liggur vandinn.

Að halda því fram að ríkisstjórn eða sveitastjórn hafi hér áhrif er eintóm sýndarmennska sem því miður margir á Suðurnesjum halda fram. Við gátum klárað málið þegar við áttum „alla Hitaveituna“ en eins og allir vita að þá seldu sveitarfélögin gullpottinn og því



hafa þau engin áhrif í dag. Það er of auðvelt að kenna öðrum um vandann.

Ólafur Þór Ólafsson, bæjarfulltrúi í Sandgeðri og frambjóðandi Samfylkingar í Suðurkjördæmi

STUÐNINGUR HJÁ SAMFYLKINGUNNI

Ég síðustu tvö ár eða svo hef ég þalltaf svarað því játandi þegar ég hef verið spurður um það hvort að ég telji að álverið í Helguvík komist af stað. Það hefur hins vegar dregist lengur en ég vonaðist til og hefur mátt áætla út frá yfirlýsingum þeirra sem að málinu koma. Ég hef enn þá trú að uppbyggingin verði kláruð og framleiðsla muni hefjast í álverinu á næstu árum. Sem fyrr er stuðningur við verkefnið hjá Samfylkingunni en þó rétt að taka fram það eru ekki stjórnámamenn sem teifa það að orkusölusamningar verði kláraðir.



Inga Sigrún Atladóttir 2. sæti hjá VG

ÁLVERIÐ KEMUR Á NÆSTA KJÖR- TÍMABILI EF NORÐURÁL, HS ORKA, OR OG LANDSNET NÁ SAMNINGUM

Ég mun styðja álverið ef arður af sameiginlegum auðlindum er ásættanlegur. Þá er ég ekki aðeins að tala arð í gegnum skattkerfið og atvinnu, eins og önnur fyrirtæki veita heldur að arðurinn af orkusöluinni til almennings sé ásættanlegur. Því þarf að

reikna með auðlindagjaldi í samningnum. Ég styð uppbyggingu ef kostnaður við flutning á rafmagni leggst ekki á almenna raforkukaupendur og ef samningar hafa sveigjanleika til að aðlagast breytingum á íslenskum aðstæðum í náinni framtíð.



Einar Jón Pálsson, forseti bæjarstjórnar Garðs

FRAMKVÆMDIR FARI Á FULLT Í HELGUVÍK

Ég hef á síðustu árum haft trú á því að álver í Helgúvík verði að veruleika og ég er enn sannfærður um að svo verði. Það er mitt mat að ekki hafi verið nægilegur vilji í stjórnkerfinu til að álver verði að veruleika, þetta mun vonandi breytast fljótlega. Eins og flestir Suðurnesjamenn vita þá þarf mikið átak í eflingu atvinnu á svæðinu og ég tel álver í Helgúvík

forsendu þess að á svæðinu skapist mörg vellaunuð störf til frambúðar. Á svæðinu í kringum Grundartanga eru meðallaun mun hærri en hér og þakka menn þar þeirri miklu uppbyggingu sem hefur orðið meðal annars hjá Norðuráli.

Suðurnesjamenn tókum höndum saman og beitum okkur fyrir því að framkvæmdir fari á fullt í Helgúvík.



Silja Dögg Gunnarsdóttir í 2. sæti lista Framsóknarflokksins

UPPBYGGING ÁLVERS HALDI ÁFRAM

Ég vona að Norðurál og HS Orka nái samningum um orkuverð á þessu ári og að uppbygging álvers haldi áfram. Ef Framsóknarflokkurinn kemst til áhrifa í næstu ríkisstjórn þá mun flokkurinn setja lausn á skuldavanda heimilanna í algera forgang sem og að koma hjólum atvinnulífsins aftur af stað. Við mun-

um því gera það sem í okkar valdi stendur til að greiða götu fyrirtækja í landinu, álfyrirtækja sem og annarra fyrirtækja, svo þau geti vaxið og dafnað og skapað atvinnu. Við þurfum að örva framleiðslu, lyfta skuldafarginu af heimilinum og framleiða okkur út úr kreppunni. “



Ásmundur Friðriksson 3. sæti Sjálfstæðisflokki

EKKERT ÁLVER EF VG OG SAMFYLKING VERÐA ÁFRAM Í STJÓRN

Frá því að skóflustunga var tekinn af álverinu í Helgúvík eru liðin 4 ár vinstristjórnar VG og Samfylkingar. Fjögur ár sem Samfylkingin hefur talað um að álverið væri að koma og ekkert staði á ríkisstjórninni í því máli. Rétt er að ekki hefur enn tekist að semja um kostnað vegna raforku í álverið á milli Norðuráls og HS orku. Ég vísa enn og aftur til ábyrgðar fyrirtækjanna um að semja sem fyrst. Síðustu daga höfum við íbúar á Suðurnesjum svo upplifað það grímulaust að Samfylkingin og VG eru á móti álverinu í Helgúvík. Í viðtali við Morgunblaðið segir Katrín Jakobsdóttir formaður VG að hún sé á móti álveri í Helgúvík, en með stóriðju á Bakka! Samfylkingin sem var búinn að vera með í undirbúningi að sögn þingmanna lagafrumvarp um stuðning við Helgúvíkurverkefnið kom aldrei fram með frumvarp um málið. Það segir allt sem segja þarf um hvar sá flokkur stendur í atvinnuárum

þjóðarinnar. Samfylkingin stöðvaði virkjanaframkvæmdir í neðrihluta Þjórsá með þeim rökum að rannsaka ætti betur laxagöngur í ánni, en við það kannaðist veiðimálastjóri ekki eftir 40 ára rannsóknir á laxastofnum- og gengd hans í Þjórsá. Þessir flokkar hafa því dæmt sig úr leik þegar kemur að því að ræða um atvinnuuppbyggingu í landinu. Hlustið á fólkið á Suðurlendi og hér á Suðurnesjum.

Eini flokkurinn sem leggur fram atvinnustefnu sem hefur það að markmiði að koma atvinnulífinu í gang og skapa hundruð, jafnvel þúsundir nýrra og vel launaðra starfa er Sjálfstæðisflokkurinn. Það verður gert með því að þvælast ekki fyrir sjávarútveginum, breyta Rammaáætlun, virkja í neðrihluta Þjórsá, fara í línulagnir á Reykjanesi og hefja af krafti uppbyggingu og koma álveri í Helgúvík í gang. Með þessu skapast 10.000 ársstörf og fjárfestingar sem breyta atvinnuleys-



isbótum í góð laun og skatttekjur fyrir ríkissjóð allt að 1 milljarði á mánuði.

Það hefur verið unnið skemmdarverk á atvinnulífinu og stöðnun þess á síðustu fjórum árum er á ábyrgð VG og Samfylkingarinnar. Eini möguleikinn á því að álverið í Helgúvík risi og fari í gang þegar í haust með tilheyrandi fjárfestingum og hundruðum nýrra vel launaðra starfa er að kjósa Sjálfstæðisflokkinn 27. apríl nk. Kosningarnar snúast um atvinnu og ný vel launuð störf. Kjósum X-D fyrir atvinnu.

Ásmundur Friðriksson, skipar 3ja sæti á lista sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi.

TÁR ÁN ORÐA

Birgitta Jónsdóttir Klasen fjallar um líkamleg vandamál: "Það gæti líka verið gott að fræða barnið sitt um að enginn veit nákvæmlega um ástæður þess af hverju börn pissa undir þótt erfðafræðilegar vísbendingar séu hvað sterkastar."

ÞVAGMISSIR í svefni er algengt vandamál meðal barna alls staðar í heiminum og eru íslensk börn þar engin undantekning. Mun fleiri strákar en stelpur pissa undir, en nærri lætur að um 30% barna undir sjö ára aldri og allt að 10% unglunga séu að glíma við vandamálið. Það er skelfilega hátt hlutfall.

Pissi börn undir kemur yfirleitt að þeim tímamarki að þau vaxa upp úr vandamálinu með tíð og tíma og mikilli þolinmæði. Foreldrum skal þó bent á að leita læknis til að útiloka veikindi, sjúkdóma eða aðrar hugsanlegar líkamlegar ástæður. Í fyrstu atrennu má hugsa sér læknispróf og rannsókn á þvagprufu barnsins.

Börn ná meiri stjórn á þvagblöðrunni eftir því sem þroskinn færast yfir, en við fimm ára aldur eru langflest börn hætt að missa þvag í svefni. Fram að þeim tíma er vandamálið síður en svo óalgengt, jafnvel þótt það sé pirrandi og reyni mjög á þolgæði foreldranna. Alls ekki er nauðsynlegt að grípa til sérstakra ráðstafana eða láta börn á meðferð út af þessu hvímlaða vandamáli fyrir fimm ára aldur. Það gæti þvert á móti haft skaðleg áhrif á ungvíðið.

Það er ekki á allra vitorði að þvagmissir í svefni getur legið í fjölskyldum því rannsóknir hafa sýnt að ef annað foreldrið hefur átt við vandamálið að glíma í æsku, eru 40% líkur á að barn þess muni eiga í sömu glímu við þessi næturslys. Kannist báðir foreldrarnir við vandamálið frá eigin æskuárum, aukast líkurnar á að afkvæmi þeirra pissi undir upp í 70%.

Þegar "slysin" gerast, er ekki hægt að rekja ástæðurnar til of mikils drykkjarþambis fyrir háttinn. Þaðan af síður er hægt að skella skuldinni á geðveilu eða hegðunarvanda. Þetta gerist heldur ekki vegna þess að barnið er of latt til að fara úr rúminu til að fara á klósettið. Börnin missa heldur ekki þvag í rúmið sitt til þess eins að skaprauna foreldrunum.

Sumra orsaka má hinsvegar leita í:

- Erfðum.
- Erfiðleikum við að vakna.
- Hægvirku miðtaugakerfi, sem veld-

ur því að barnið nær ekki að tæma þvagblöðruna á kvöldin.

- Hormónavanda, sem veldur því að magn þvags frá nýrum minnkar.
- Þvagrásarsýkingum.
- Afbrigðileika í mænu.
- Erfiðleika við að halda þvagi í langan tíma vegna smæðar þvagblöðrunnar.

Langflest börn vaxa upp úr vandamálinu án þess að grípa þurfi til sérstakra ráðstafana eða meðferða. Á hinn bóginn er það skylda foreldra að hjálpa börnum sínum við að yfirstíga vandamálið og halda sér þurrum í svefni. Sé vandamálið viðvarandi má grípa til tvenns konar meðferðarúrreða, annars vegar til hegðunarmedferðar og hinsvegar til lyfjamedferðar. Læknirinn skrifar út lyfin á meðan hegðunarmedferðinni er ætlað að kenna barninu að bleyta ekki rúmið sitt. Breyttu mynstri má m. a. ná fram með því að leiða barnið á klósettið klukkan eitt á hverri nóttu. Í öðru lagi má æfa barnið í að halda þvagi í blöðrunni. Í þriðja lagi mætti hugsa sér að láta barnið sjálft skipta á rúminu ef það pissar undir. Og loks eru verðlaun alltaf vel þegin fyrir "þurrar" nætur.

Dáleiðsla, matarkúrar og sálfræðimedferð eru meðferðarform, sem ekki hafa mikið verið notuð á börn, sem pissa undir, þótt þetta geti gefið góða raun í einstaka tilfellum héf hins vegar unnið með börnum í svæðamedferð með mjög góða árangur. Matur, sem talinn er auka á vandamálið, eru mjólkurafurðir, súkkulaði, súrir ávextir og djús.

Þvagmissir getur auðveldlega leitt til hegðunarvandamála hjá börnum, sem pissa undir, vegna sektarkenndar og skömmustutilfinningar. Það er hinsvegar mikilvægt að láta barnið ekki líða fyrir eitthvað, sem það hefur ekki stjórn á. Nauðsynlegt er að barnið sé fullvissað um að þvaglátíð er ekki því að kenna. Refsing fyrir að pissa undir skilar engum árangri. Þess í stað er uppörvun og jákvæður tjáningarmáti við barnið um vandamálið talið árangursríkara. Það gæti líka verið gott að fræða barnið sitt um að enginn veit nákvæmlega um ástæður þess af hverju börn pissa undir þótt erfðafræðilegar vísbendingar séu hvað sterkastar.

Höfundur er með „Heilsumiðstöð Birgittu“ náttúrulækningar, svæðamedferð. O. m. fl.

Birgitta Jónsdóttir Klasen



Þessa skemmtilegu mynd tók Guðmundur Magnússon fyrir stuttu.

BISKUP VÍSITERAR

Dagana 2 og 3 apríl sl. hófst svokölluð vísitasía biskups Íslands Sr. Agnesar M. Sigurðardóttir um Suðurnesin. Útskálaprestakall varð fyrst fyrir valinu.

Vísitasía felst í að biskup heim-sækir söfnuði og kynnr sér starfið í sóknunum. Hún kynnti sér ekki síst barnastarfið á stöðunum. Einnig skoðaði biskup ásigkomulag verald-

legra eigna kirkjunnar. Hún heimsótti Útskálakirkju, Hvalsneskirkju og Safn-aðarheimilið í Sandgerði þar sem hún prédikaði á þriðjudagskvöldinu. Hún heimsótti aldraða og fór í grunnskólana í bæjarfélögunum ásamt því að kynna sér ný atvinnufyrirtæki.

Sr. Agnes var mikill aufúsugestur og var fólk mjög ánægt með heimsókn hennar og nærveru. *Silla E.*



Aflafréttir

Aflafréttir

GÓÐ HANDFÆRAVEIÐI

Ansí góð handfæraveiði hefur verið hjá þeim bátum sem hafa stundað þær veiðar. En langmestu fjöldi þeirra hefur verið að landa í Sandgerði. Margir bátanna bæði í Grindavík og Sandgerði náðu fullfermistúrum á færunum og stærsta róðurinn átti Maggi Jóns KE sem er 12 BT bátur en hann kom með 6 tonn að landi á færunum.

Af smábátum undir 10 BT þá var Hrappur GK frá Grindavík hæstur handfærabátanna með 21 tonn í 11 róðrum. Líf GK var með 19,5 tn í 11 og 3,6 tonn í stærsta róðri sínum. Brynjar KE var með 18 tn í 11 og 3,2 tn í stærsta róðri sínum. Abby GK var með 17 tn í 12 og 2,8 tn í stærsta róðri sínum. Bót HF sem landaði í Sandgerði var með 16 tn í 13. Alda KE 15 tn í 11.

Annars verður marsmánuður seint talin til metmánaða ef miðað er við línubátanna, því veiðar þeirra voru ansi slakar þrátt fyrir nokkuð góða

sjósókn. Stormur SH sem er 240 BT stálbátur og stundað balaveiðar frá Sandgerði og grindavík fór t. d í 20 sjóferðir í mars og hafði uppúr því 97 tonn eða 4,9 tonn í róðri að meðaltali sem er ansi slakur aflí. Stormur SH réri með 48 bala og 60 bala í róðrum sínum. Gulltoppur GK var líka á böllum og var með 113 tn í 15 róðrum eða 7,5 tonn í róðri að meðaltali. Hafdís SU sem var að mestu í Sandgerði var með 130 tn í 20 róðrum.

Af minni línubátunum þá var Óli á Stað GK hæstur með 92 tn í 16 róðrum. Reyndar var Friða Dagmar ÍS frá Bolungarvík hærri með 93 tn í 18 en báturinn var að veiðum hérna við sunnanvert landið og landaði í Sandgerði og Grindavík. Á eftir Óla kom Hópsnes GK með 79 tn í 15. Daðey GK var með 70 tn í 15. Von GK 66 tn í 14. Þorkatla GK 63 tn í 15. Dúddi Gísla GK 56 tn í 13. Gíslí Súrsson GK 53 tn í 10. Auður Vésteins GK 53 tn í 10,

Dóri GK 46 tn í 15, Pálína Ágústsdóttir GK 42 tn í 10, Muggur KE 41 tn í 10, Steini GK 38 tn í 12, Sæborg SU 34 tn í 8 og Maggi Jóns KE 31 tn í 10, og var stærstur hluti þess afla veiddur á handfæri.

Ansí góð veiði var í dragnótina og framan af þá leit út fyrir að Suðurnesjamennt myndu eiga aflahæsta dragnótabátinn í mars, því Sigurfari GK veiddi vel og var í efsta sætinu framan af. Báturinn endaði sem þriðji aflahæsti báturinn í mars með 318 tn í 17 róðrum. Örn KE kom næstur með 261 tn í 16 og Siggí Bjarna GK 206 tn í 14. Ansí langt var í næsta bát sem var Farsæll GK með 110 tn í 10. Arnþór GK 107 tn í 10, Benni Sæm GK 98 tn í 8.

Grímsnes BA var hæstur netabátanna héðan með 181 tn í 18 róðrum, mest 21 tn í róðri. Happasæll KE var með 161 tn í 14 og 27 tonn í stærsta róðri sínum. Maron HU var með 150 tn í 18, Keilir SI 111 tn í 16 og Erling KE sem hóf ekki veiðar fyrr enn seinnpartinn í mars var með 92 tn í 5.

Jóhanna Gísladóttir ÍS var hæst línubátanna annan mánuðinn í röð og



voru einungis tveir línubátar sem náðu yfir 400 tonn í mars. Var Jóhanna með 517 tn í 4 löndunum og Páll Jónsson GK 451 tn í 5. Rétt er að geta þess að Jóhanna Gísladóttir ÍS landaði öllum aflanum sínum á Þingeyri.

Hérna að ofan þá minnst ég á Storm SH. Sá bátur er Sandgerðingum mjög vel kunnugur því hann var lengi gerður út frá Sandgerði og hét þá Reynir GK 177. Stundaði báturinn línu og trollveiðar. Þar var meðal annars Sævar Ólafsson skipstjóri og má segja að hann sé einn fengseltasti trollskipstjóri hér við land. Sævar er núna annar af tveim skipstjórum á Steinunni SF sem er gerð út af Skinney Þinganes frá Hornafirði. Núna í mars þá mokveiddi Steinunn SF og land-

aði alls 760 tonnum í 12 löndunum. Sem dæmi um þvílíka veiði var um að ræða þá fékk báturinn á einungis 7 dögum alls 300 tonn. Á þessum 7 dögum þá var landað fjórum sinnum og stóð hver túr í tæpar 30 til 36 klukkutundir og á þeim tíma þá var báturinn fullur, 75 til 80 tonn. Þessum 300 tonnum var landað í Grindavík. Reyndar hefur það verið venja hjá Sævar að hann hfiur yfirleitt landað í Sandgerði á þeim bátum sem hann hefur verið með, enn eitthvað hefur það gengið brösulega að fá Steinunni SF til þess að landa í Sandgerði. Öllum aflanum af bátunum er ekið til Hornafjarðar til vinnslu þar og 760 tonn eru ansi margir flutningabílar.

Gíslí R.

Ray-Ban

DAGAR

10. til 14. apríl

í Smáralind og Keflavík

20%

afsláttur

Umboðs- og dreifingaraðili Ray Ban á Íslandi

Optical Studio

SMÁRALIND • KEFLAVÍK

www.facebook.com/OpticalStudio

Fjölbrautarskóli Suðurnesja

HÖRKUKEPPNI Í STARFSHLAUPI

Föstudaginn 22. mars fór Starfshlaup FS fram í 19. sinn en þessi keppni fór fyrst fram árið 1994. Fyrir þá sem ekki þekkja starfshlaupið þá reyna nemendur með sér í n. k. boðhlaupi þar sem keppt er í flestum þeim námsgreinum sem kenndar eru við skólann auk ýmis konar þrauta. Að þessu sinni kepptu fimm lið í hlaupinu en í hverju liði eru nokkrir tugir keppenda. Fyrir hverju liði fara tveir fyrirliðar sem koma úr hópi væntanlegra útskriftarnemenda. Keppnin var geysispennandi í ár og úrslitin réðust ekki fyrri en í síðustu þrautum.

Þó Starfshlaupið fari alltaf fram síðasta kennsludag fyrir páska er það farið að hafa nokkurn aðdraganda. Í ár var nokkrum sinnum keppt á sal í hádeginu síðustu vikunnar fyrir keppnina sjálfa. Þar var m. a. keppt í þrautakeppni, bekkpressu og Sing Star. Liðin taka stigin síðan með sér í sjálft Starfshlaupið. Alltaf verða einhverjar breytingar á þrautum milli ára og að þessu sinni var FIFA 13 tölvuleiknum bætt við og vakti mikinn fögnuð.

Keppnin sjálf byrjaði í Íþróttahúsinu þar sem keppt var í reiptogi, badminton, stultuhlaupi og fleiri greinum. Síðan var synt, hjólað og hlaupið en að því loknu þeystu keppendur inn í skólann þar sem liðin hlupu milli kennslustofa og leystu verkefni auk þess að leysa ýmsar þrautir á göngum. Keppnin endaði síðan á sal þar sem liðin dönsuðu, léku o. fl.

Eins og áður sagði var keppnin mjög jöfn að þessu sinni. Að lokum fór svo að Appelsínugula liðið vann en Gula liðið kom þar rétt á eftir og hin liðin voru ekki langt á eftir. Það var því Appelsínugula liðið sem hlaut Starfshlaupsbikarinn og þitsuveislu í verðlaun. Sjá má úrslit í einstökum greinum neðst í fréttinni.



Umsjónarmenn Starfshlaupsins eru íþróttakennararnir Gunnar Magnús Jónsson og Kristjana Hildur Gunnarsdóttir (Kiddý) og eiga þau sannarlega hrós skilið fyrir skipulagningu og framkvæmd hlaupsins. Þá er ekki síður ástæða til að óska fyrirliðum allra liðanna til hamingju með frammistöðuna og þeirra vinnu. Síðast en ekki síst eru það auðvitað allir þátttakendur sem taka þátt í að gera þennan dag jafn skemmtilegan og hann er.

Við óskum sigurvegurinum til hamingju og öllum liðunum fyrir þátttöku og drengilega keppni. Vonandi hafa svo allir farið ánægðir og glaðir í páskafríið og koma frískir til leiks eftir páska. (Heimasíða FSS)

BJARNI LEIÐIR LISTA REGNBOGANS

Bjarni Harðarson bóksali og Guðmundur S. Brynjólfsson rithöfundur og djákni leiða J lista Regnbogans í Suðurkjördæmi. Baráttumál framboðsins eru fullveldi Íslands, sjálfbær þróun, mannréttindi, félagshyggja og bætt lífskjör.

Frambjóðendur Regnbogans vilja að aðlögunarviðræðum Íslands að ESB verði hætt.

Fyrstu fimm sæti framboðsins eru þannig skipuð:

1. Bjarni Harðarson bóksali
2. Guðmundur S. Brynjólfsson rithöfundur og djákni
3. Kolbrún S. Hilmarsdóttir bókari
4. Kristbjörg Steinunn Gísladóttir meðferðarfulltrúi



5. Jónas Pétur Hreinsson iðnrekstrarfræðingur

Í tilkynningu segir að Regnboginn sé ekki stjórnmálaflokkur heldur kosningabandalag framboða. Regnboginn segist vilja vinna að því með öðrum að afnema verðtryggingu og leiðrétta húsnæðislán.

REYKJANES

Auglýsingasíminn er 578 1190–Netfang: auglysingar@fotspor.is.

SVIK SAMFYLKINGAR

Málefni Helguvíkur voru til umræðu á síðasta bæjarstjórnarfundum Reykjanesbæjar.

Árni Sigfússon lagði fram eftirfarandi bókun bæjarfulltrúa sjálfstæðis- og framsóknarmanna:

Það eru íbúum Reykjanesbæjar gríðarleg vonbrigði að ekki skuli hafa verið gætt jafnræðis á milli stuðnings við Helguvík og Bakka eins og lofað hafði verið af forystumönnum Samfylkingarinnar, annars ríkisstjórnarflokksins, þegar frumvarp um Bakka var lagt fram fullskapað á þingi.

Við það tækifæri var fullýrt að slíkt frumvarp hafi einnig verið í undirbúningi um Helguvík í heilt ár. Með sérstakri bókun á síðasta bæjarstjórnarfundum sögðu bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar vinnubrögð um Helguvík dæmi um „vandaðan undirbúning og þrotlausu vinnu þingmanna Samfylkingarinnar.“ Þeir vísuðu einnig í skýrar yfirlýsingar formanns Samfylkingarinnar um að jafnræði skuli gilda á milli iðnaðarsvæða og landsvæða.

Í ljós hefur komið að ekkert frum-

varp var í smíðum hjá ríkisstjórninni sem snéri að Helguvík. Þetta verða forsvarsmenn Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Reykjanesbæjar að skýra fyrir bæjarbúum.

Miðað við frumvarpið um Bakka þýddi þetta fjárstyrki til Helguvíkur er varða hafnarframkvæmdir, lóðagerð, vegagerð og þjálfunarstyrki fyrir á fjórða milljarð króna.

Þrátt fyrir yfirlýsingar um „jafnræði“ var ekkert frumvarp um Helguvík lagt fram af ríkisstjórninni og síðar komið í ljós að ekki er samstaða um verkefni í Helguvík innan ríkisstjórnarinnar.

Tilraunir núverandi fjármálaráðherra til að hreyfa við málinu á síðustu dögum þingsins voru virðingarverðar en höfðu greinilega engan hlómgrunn hjá þessari ríkisstjórn.

Til máls tók Friðjón Einarsson er lagði fram eftirfarandi bókun:

Málþóf minnihluta á alþingi hefur því miður tafið góð verkefni nú á síðustu dögum þingsins. Samt sem áður liggur fyrir vilji ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur um að jafnræði skuli ríkja á milli Bakka og Helguvíkur.

Líf án streitu

- lærdðu að njóta lífsins

7 daga heilsudvöl 14. – 21. apríl

Námskeiðið er fyrir þá sem vilja njóta lífsins, lifa lífinu aðeins hægar og huga að andlegri og líkamlegri líðan. Dvölin gefur einnig einstakt tækifæri til að taka upp nýjar og skynsamlegar leiðir hvað varðar hreyfingu, næringu og svefn.

Innifalið: Ljúffengur og hollur matur, skipulögð dagskrá, hugleiðsla og jóga, aðgangur að sundlaugum, baðhúsi og líkamsrækt. Einnig nudd og val um ýmsar meðferðir.

Verð á mann: 109.900 kr.
Ath. Einungis 2 pláss laus.

Aukadagur fyrir þá sem vilja lengja dvölinu er 9.900 kr. pr. sólarhring

Nánari upplýsingar í síma 483 0300 og á vefsíðunni www.hnlfi.is

- berum ábyrgð á eigin heilsu

BERIÐ SAMAN VERÐ OG GÆÐI

59.900

10,5 kw/h

49.900

FULLT VERÐ 59.900

109.900

13,2 kw/h

www.grillbudin.is

Grillbúðin

www.grillbudin.is

Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

Opið laugardaga til kl. 16

**YFIR 40 GERÐIR GASGRILLA
OG 20 GERÐIR KOLAGRILLA**

LANDMANN
Grill sem endast

www.reykjanesblad.is

Teiknistofan Rúm



Okkar sérsvið er m.a:

- Gerð aðaluppdráttar og tilheyrandi deiliuppdráttar
- Uppsetning og vinnsla með BIM
- Ráðgjöf og þarfagreining vegna framkvæmda
- Gerð kostnaðaráætlun
- Eftirlit og stjórnun framkvæmda

email: Teiknistofa@gmail.com / Alfholt 26 / 220 hafnarfjörður / Sími 662-8904

GARÐHÚS Í ÚRVALI

Einfalt - Fljótlegt - Ódýrt



Kofar og hús
kofaroghus.is
s. 553-1550 Fróóleikur um undirstöður og uppsetningu á kofaroghus.is



ALHLIÐA BÍLAPJÓNUSTA

Alhliða bílaviðgerðir

Smurþjónusta og umfelganir á góðu verði

Við höfum áratuga reynslu og þekkingu á flestum gerðum bíla. Öll aðstaða hjá okkur er góð, við höfum fjórar lyftur og getum því unnið hratt og vel. Kíktu við hjá okkur og þiggðu kaffibolla á meðan við skoðum bílinn þinn.

Ef þú kemst ekki með bílinn til okkar, þá getum við sótt hann fyrir þig. Gerum fóst verðtilboð í flutninga á bílum.

Hafðu samband við okkur og við finnum lausnina fyrir þig.

Eigum fyrirbyggjandi lager af þurkublöðum og bremsubúnaði í flestar gerðir bifreiða. Ertu í vafa með eitthvað sem snýr að bílum, láttu okkur athuga málið!

Bara góð verð í gangi!

Laghentir ehf - lðjustig 1c - Reykjanesbæ
(í sama húsi og SS Bilaleigan, ekið inn frá Íslandsbanka)
Sími: 456-7600 - Gsm: 861-7600 - www.laghentiris.is
Opíð alla virka daga frá 8:00 til 18:00

NÝ ÍSLENSK MYNT

–Stórir ávinningar fyrir land og þjóð

Vangaveltur hafa verið um hvað best er að gera í gjaldmiðilmálum. Með því að taka einhliða upp gjaldmiðil annars ríkis þá þurfum við að kaupa hann, gjaldeyri með gjaldeyri, sem við eigum ekki og svo misstum við stjórn á peningamálum okkar til þess ríkis, sem ætti myntina. Ef við gengjum í ESB til þess að taka upp evruna, þá glötuðum við einnig stjórn á peningamálum okkar auk margvíslegrar forsjár margra eigin mála, en Ísland er ekki í neinni stöðu að uppfylla skilyrði evruaðildar í bráð þótt við vildum. Eigum við því að halda í gömlu krónuna? Hún hefur bæði sína kosti og galla. Í stórum dráttum eru kostirnir sveigjanleiki en gallarnir óstöðuleiki. En er til önnur lausn?

Staðreyndir

Það er staðreynd að Bandaríkjadalur er í mjög sérsakri stöðu með því að vera notaður í yfir 90% heimsviðskiptanna og vera varagjaldeyrisforði flestra ríkja veraldar. Einnig er að mesti partur skulda íslenska ríkisins og stórfyrirtæja er í Bandaríkjadöllum, að innflutt hrávara s. s. bensín, olía og ál er í dölum og að sala á raforku, áli o. fl. er einnig í dölum.

Ríkisdalur

XG-Hægri grænir, flokkur fólksins, vill taka hér upp nýja íslenskan lögeyri, sem hann kallar ríkisdal og tengja hann við Bandaríkjadal, dal á móti dal. Gengið gagnvart öðrum gjaldmiðlum fylgdi þá gengi Bandaríkjadals, en með þessu öðluðumst við æskilegan



gengisstöðugleika og héldum á sama tíma eigin stjórn peningamála. Með slíkri nýrri íslenski mynt gæfist sveigjanleiki til ýmissa hagfelldra aðgerða eins og afnáms verðbólguþröskulmiða Seðlabankans, afnáms almennrar verðtryggingar neyslu, húsnæðis og námslána, gjaldeyrishafta og minnkun lángjalddeyrisvaraforða Seðlabankans, sem kostar sórfé í vexti. Stjórn á stýrivöxtum væri ennþá hjá okkur, en hefði nú virkileg áhrif með því að koma samhliða á stóraukinni bindiskyldu og útlánaþaki á viðskiptabankana og ná þá stjórn á peningamagni í umferð. Þannig hefði Seðlabanki Íslands í fyrsta sinn í sögunni þau tæki og tól, sem hann þarf til þess að hafa fulla stjórn á peningamálum þ. m. til að takast á við verðbólgu með árangri.

Snjóhengjur og vogunarsjóðir

Með hinum nýja lögeyri þyrftu eigendur þ. m. t. íslenskir eigendur íslenskra króna erlendis að koma með þær heim til að skipta yfir í ríkisdalinn ellegar

týna þeim. Þrotabúum föllnu bankaanna, eigendum aflandskrónanna og erlendu hræggammasjóðunum væri hægt að bjóða tvær leiðir til að losna úr viðjum gjaldeyrishaftanna: a) að skipta yfir í ríkisdal með 95% afföllum, eða b) skipta á aflandskrónugengi í 30 ára afborganaust skuldabréf, útgefna í bandaríkjadöllum á 1,5% vöxtum. Annars yrðu erlendu hræggammasjóðirnir rukkaðir um 6% vexti á innistæðum sínum fyrir allt umstangið við gömlu krónuna. Þetta sparar tugi milljarða krróna á ári í vaxtakostnaði. Peningana, sem koma í ríkissjóð með þessum aðgerðum, á að nota til þess að borga upp það sem hægt er og skuldbreyta svo því, sem út af sendur af skuldum ríkissjóðs og fara í nauðsynlegar fjárfestingar og vaxta og skattalækkanir hér á landi. Líta verður á aflandskrónurnar og niðurstöðu Ícesave dómsins sem sérstakt tækifæri, snúa verður taflinu við og veita erlendum hræggammasjóðum makleg málagjöld.

Mikilvægar og arðbærar aðgerðir

Leiðin er einföld, það yrði auðvelt að koma henni á á stuttum tíma og er auðvitað afar þjóðhagslega hagkvæm svo vægt sé til orða tekið. Þetta verður að gera áður en það er orðið of seint og kröfuhafar hafa náð að selja bankana til nýrra fjárfesta, sem verður auðvitað að stoppa ef við ætlum ekki að missa ábatann frá þjóðinni. Ef að X er ekki sett við G í vor, þá mun þó ekkert svona gerast. Vill einhver bera ábyrgð á því?
Kjartan Örn Kjartansson
Höfundur er varaformaður Hægri grænna, flokks fólksins og í 1. sæti listans í Reykjavík norður
Veffang: www.xg.is

BÆTUM HAG ELDRI BORGARA

Sjálfstæðisflokkurinn fer fram með skýra stefnu um lækkan skatta á næsta kjörtímabili enda eru skattalækkanir lykilatriði til þess að efla atvinnulífið og bæta hag heimilanna. Þessi stefna fer vel saman við skýran vilja Sjálfstæðismanna að hlúa vel að þeim sem eldri eru.

Tryggja ber eldri borgurum val um búsetu eftir vilja og þörfum hvers og eins. Gera verður eldri borgurum mögulegt að eiga sjálfstætt líf á eigin heimili sem lengst og tryggja þarf aðgengi að þeirri þjónustu sem þörf er á. Þau sem mótuðu samfélagið eiga að fá að njóta þess þegar þau hafa hætt störfum og byrja að njóta lífsins.

Bjóða verður upp á fjölbreytt rekstrarform, í rekstri heilsugæslunnar, í heimaþjónustu og á dvalarheimilum/

hjúkrunarheimilum sem byggja á þjónustusamningum við hið opinbera. Saman geta þessir þættir myndað öflugna heild í hverju héraði sem mun auka atvinnutækifæri og þjónustu íbúum landsbyggðarinnar til heilla

Afnema þarf þær tekjutengingar og skerðingar sem núverandi ríkisstjórn setti á 1. júlí 2009. Eldri borgarar eiga að geta fengið greitt úr lífeyrisjóði án þess að greiðslur þeirra frá Tryggingstofnun skerðist, hafa frelsi til að ráðstafa eignum sínum og vinna fyrir sér meðan þrek leyfir.

Rétt forgangsöröðun er það sem þarf sem samfara eflingu atvinnulífsins og nýjum leiðum í rekstri ríkisins mun auka lífsgæði okkar allra. Tillögur okkar Sjálfstæðismanna ganga út á að um leið og öllum verði tryggðar lág-



markstekjur til lífsviðurværis þess verði gætt, að ekki sé dregið út hvatanum til sjálfsbjargar og möguleikum aldraðra og öryrkja til að bæta kjör sín. Það er frumréttur einstaklingsins sem ekki má ganga gegn.

Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins munu leggja sig fram við að bæta hag aldraða og öryrkja ásamt því að efla landsbyggðina.

Vilhjálmur Árnason.
Höfundur skipar 4. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördaemi.

FRAMUNDAN HJÁ FEB.

Léttur föstudagur 12. apríl kl. 14: 00 á Nesvöllum. Veruleiki draumanna. Framsagnahópur Hæðagarði.

Léttur föstudagur 19. apríl kl 14: 00 á Nesvöllum. Eldeyjarkórinn.

Miðvikudagur 24. apríl kl 20: 00 (Síðasti vetrardagur) á Nesvöllum. Harmonikkudansleikur. Miðaverð kr.1000.

Sunnudagur 28. apríl kl.15: 00 í Eldborg. Vorhátíð eldri í Grindavík.



SUMARTILBOÐ

Á GESTAHÚSUM OG GARÐHÚSUM

www.volundarhus.is



28 mm bjálki

TILBOÐ - BARNAHÚS 2,1m²

kr. 139.900,- án fylgihluta

kr. 169.900,- m/fylgihlutum



34 mm bjálki / Tvöföld nótn

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,9 m²-án gólfs

kr. 329.900,- án fylgihluta

kr. 369.900,- m/fylgihlutum



34 mm bjálki / Tvöföld nótn

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,7m²

kr. 359.900,- án fylgihluta

kr. 399.900,- m/fylgihlutum



70 mm bjálki / Tvöföld nótn

VERÐTILBOÐ - GESTAHÚS 36 m²

kr. 2.299.900,- án fylgihluta / án verandar.

kr. 2.699.900,- með fylgihlutum og byggingarnefndar teiknisetti / án verandar.



34 mm bjálki / Tvöföld nótn

GESTAHÚS og
GARÐHÚS
sérhönnuð fyrir
íslenskar aðstæður

Sjá fleiri
GESTAHÚS og
GARÐHÚS á tilboði
á heimasíðunni
volundarhus.is

Grunnmynd og nánari
upplýsingar á heimasíðu
volundarhus.is

volundarhus.is

Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

Sókn í velferðarmálum

- eftir varnarsigur í kjölfar efnahagshruns

- Gjaldfrjálsar tannlækningar fyrir börn
- Fæðingarorlof verði 12 mánuðir
- Einfaldara og betra almannatryggingakerfi
- 350 ný hjúkrunarrými um land allt
- Nýr og betri Landspítali
- 2000 nýjar leiguíbúðir í samvinnu við sveitarfélög og búseturéttarfélög
- Leigjendur fá jafngóðan stuðning og þeir sem kaupa með nýju húsnæðisbótakerfi
- Bankarnir fjármagni sanngjarna lækkun skulda þeirra sem keyptu á versta tíma
- Viðskiptavinir Íbúðalánasjóðs og þeir sem eru með lánsveð njóti sömu úrræða og aðrir
- Ljúka afnámi stimpilgjalda

Öruggt og gott
samfélag

stefnan er á www.xs.is

Samfylkingin í Suðurlkjördæmi

XS

Garður.

SÝNUM UMHVERFI KIRKJUNNAR SÓMA

Biskup Íslands frú Agnes M. Sigurðardóttir átti stund með heimamönnum í Útskálakirkju nýlega. Biskupi voru kynntar hugmyndir swem uppi hafa verið um uppbyggingu Útskálahússins. Því miður fór það allt í strand vegna hrunsins eins og svo margt annað. Það gengur samt ekki að láta þetta fallega hús standa svona. Bæjaryfirvöld verða að taka málið upp og

halda áfram. Einnig var rætt um að bæta þurfi aðkomuna að kirkjustaðnum. Í Garðinum hafa á síðustu árum verið miklar framkvæmdir þannig að seitarfélagið er mjög vel í stakk búið til að veita góða þjónustu. Nú er komið að því að bæjaryfirvöld sýni Útskálakirkju þann sóma að ráðist verði í að gera aðkomuna snyrtilega og flotta.

S. J.



VIRKNI ALLRA ER MIKILVÆG

Þegar kemur að hverskonar samfélagslegri aðstoð, við barn, fullorðinn, aldraðan eða fatlaðan á enginn að lenda utangarðs. Ekki á að skipta máli hvort vandinn heitir krabbamein, lömun eða atvinnuleysi. Virkni er mikilvæg fyrir alla. Þátttaka í uppbyggingu Íslands er á ábyrgð okkar allra. Þar er engin undanskilin, fatlaður eða ófatlaður. Vannýttur auður er ekki síst falinn í fólki sem í dag fær ekki tækifæri til að vera virkt í daglegum störfum. Veitum fólki aðstoð til að vera virkir þátttakendur og þannig tryggjum við lífsgæði þeirra og það mikilvægasta í lífinu, mannréttindi. Skiptir þá engu hvort viðkomandi er fatlaður, ófatlaður eða atvinnulaus. Þá er mikilvægt að stórauka endurhæfingu fólks eftir sjúkdóma og slys til að tryggja virkni.

Finnnum lausnir á búsetu fólks eftir hæfni og aðstoðum fólk til að búa heima eins lengi og hægt er. Þeir sem af eigin raun geta nýtt sér aðstoðarmannakerfi eins og notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA) fái tækifæri til þess. Verndaðir vinnustaðir eru barn síns tíma og til

þess fallnir að aðgreina hópa. Þeir sem í dag eru á vernduðum vinnustað eiga eins og kostur er að vera á meðal starfsmanna á hefðbundnum vinnustöðum og veitt aðstoð þar eftir þörfum.

Sama á að gilda um atvinnuleitendur, þeim verði fundinn farvegur til náms eða starfa og reglan verði að enginn fái greitt fyrir að sitja heima. Atvinnuleysi er bøl sem veður að útrýma. Næg verkefni eru fyrir höndum, t.d. hjá bæjarfélögum, ríki og velferðarstofnunum sem hægt er að vinna að.

Mannleg reisn felst í því að hver og einn geti með stolti unnið sér og fjölskyldu sinni farborða með því að stunda ærlegt starf. Söndum saman um virkni allra þegna samfélagsins. Með því má koma í veg fyrir margskonar félagsleg vandamál, svarta atvinnu-



Ásmundur Friðriksson .

starfsemi og önnur óæskileg vandamál sem fylgja því að lenda utangarð í þjóðfélaginu. Tökum heiðarlega umræðu um þessi mál og finnum á þeim farsæla lausn. Ég vil vinna að virkni allra á mannlegum nótum.

Ásmundur Friðriksson skipar 3ja sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi.

HART BARIST UM ATKVÆÐIN

Það fer ekki framhjá nokkrum að stutt er í Alþingiskosningar. Nú reyna forystumenn framboðanna að ná eyrum kjósenda í þeirri von að fá atkvæði. Hér má

sjá Bjarna Benediktsson formann Sjálfstæðisflokksins og Hönnu Birnu kristjánsdóttir, varaformann, tala við kjósendur á fjölmennum fundi á Nesvöllum.



ÁRSHÁTÍÐ HEIÐARSKÓLA

Nýlega hélt Heiðarskóli upp á árs hátíð sína. Nemendur fluttu þar ýmis atriði sem

gestir kunnu vel að meta. Reykjanessmelli af nokkrum myndum.



Ókeypis Blóðsykurmælar og strimlar fyrir sykursjúka

Þú nærð tökum á sykursýkinni með því að mæla blóðsykurgildið þitt reglulega

Þjóðum Medismart Zapphiro blóðsykurmæla og strimla frá Swissneska fyrirtækinu Lobeck Medical Ltd.

MediSmart
of Switzerland

Sapphire blóðsykursmælir



- * Mjög einfaldur í notkun, stór skjár, léttur og handhægur
- * "No Coding" - þarf aldrei að núllstillast (calibrera)
- * Þarf mjög lítið magn til mælinga * 0,6 µl
- * Mælir blóðsykur á bilinu 1,1-35 mmol/L
- * Mæling tekur aðeins 5 sek.
- * Geymir 480 mælingar í minni
- * Hægt að tengja við tölvu

Félagar í FEB
fá 12% afslátt
af öllum vörum

Apótek Suðurnesja

er opið
Mánud. - föstud. 9:00-19:00
Laugardaga 14:00-18:00



Velkomin í lágt lyfjaverð
í Apóteki Suðurnesja

APÓTEK
SUÐURNESJA
HRINGRAUT 99 - REYKJANESBÆR



*Hugum að
hreinleika
og hollustu*

NJÁLUNAUT

beint frá býli

*Stöndum vörð um
íslenskan landbúnað!*

www.njalunaut.is

Njálunaut / Vestra Fíflholti / 861 Hvolsvöllur / Sími 487 8593 / GSM 898 4992

FERMINGARGJAFIR HJÁ OMNIS



Verð
149.900

Ný kyngimögnuð Dell Inspiron 15R

Ný Inspiron 15R, nú þynnri og léttari með 3ju kynslóð Intel Core i3 örgjörva og Windows 8 stýrikerfi. Stílhrein hönnun, mögnuð rafhlöðuending og úrval litavalmöguleika eru nokkrir af frábærum eiginleikum nýju Inspiron 15R línunnar frá Dell

Tæknilegar upplýsingar

Intel Core i3-3227U (1.9GHz, 3MB, Dual Core)
4GB 1600MHz DDR3 vinnsluminni (1x4GB)
15.6" HD WLED True-Life skjár (1366x768)
500GB Serial ATA 5400rpm harður diskur
Windows 8 stýrikerfi (64 Bit)



Verð
79.900

Fujitsu Lifebook AH512

Ný ódýr og hagkvæm fartölva með Windows 8 og innbrendu íslensku lyklaborði. Intel Celeron 1,8Ghz örgjörvi, 4GB vinnsluminni, 320GB harður diskur.

Týpa: VFY-AH512M41A21S



Verð
99.900

Dell Inspiron 15 (3521)

Ný Inspiron 15 frá Dell með 15,6" skjá, Windows 8 stýrikerfi, tveggja kjarna Intel örgjörva, 4GB vinnsluminni og 500GB hörðum disk.

Týpa: INSPIRON3521#02



Verð
159.900

Packard Bell Easynote TE11

Óflugasta fartölvan frá Packard Bell hlaðin nýjustu tækni. Intel Core i7 3,2Ghz örgjörvi, 6GB vinnsluminni, 500GB harður diskur, 2GB GeForce GT710m leikjaskjækort

Týpa: HC-73636G50Mnks

VÖRUR



iPod frá 9.900 kr.



Fartölvur frá 174.900 kr.



iPad frá 59.900 kr.

AKRANES
Dalbraut 1

BORGARNES
Borgarbraut 61

REYKJANESBÆR
Tjarnargötu 7

OmniS